



Reykjavíkurborg
Menntasvið

GREINING Á STARFI:

● NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFAR
● Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR

● DESEMBER 2006



Gagnadeild
Menntasviðs

GREINING Á STARFI:
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFAR
Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR

Umsjón könnunar og skýrsluskrif:
Sigurbjörg J. Helgadóttir

Í samvinnu við:
Guðbjörg Vilhjálmadóttir, Háskóla Íslands
Hildur Björk Svavarsadóttir
Gerður G. Óskarsadóttir

Menntasvið Reykjavíkurborgar
Desember 2006

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
AÐFERÐ	6
NIÐURSTÖÐUR	7
1. BAKGRUNNUR	7
2. NEMENDUR SEM LEITA TIL NÁMSRÁÐGJAFNA	8
3. ÞJÁLFUN FYRIR STARFIÐ OG SÍMENNTUN	14
4. STARFSUMHVERFI OG VIÐHORF TIL STARFS	16
5. KENNSLA	19
6. MÆLING Á VERKEFNUM NÁMSRÁÐGJAFNA	21
7. ÞAU ATRIÐI SEM MYNDU BÆTA MEST STARFSADSTÆÐUR NÁMSRÁÐGJAFNA	29
8. SAMANTEKT	31
9. LOKAORÐ	33
TILLÖGUR	34
HEIMILDASKRÁ	35

Myndir

MYND 1. FJÖLDI NEMENDA, EFTIR BEKK OG KYNI, SEM LEITUÐU TIL NÁMSRÁÐGJAFNA HAUSTIÐ 2005	8
MYND 2. ALGENGUSTU ÁSTÆÐURNAR FYRIR KOMU NEMENDA TIL NÁMSRÁÐGJAFNA	10
MYND 3. HLUTFALL NEMENDA ER NÁMSRÁÐGJAFAR TELJA AÐ SÉU VEL BÚNIR UNDIR AÐ TAKA ÁKVÖRDUN UM NÁM AÐ LOKNUM GRUNNSKÓLA VIÐ LOK 10. BEKKJAR	10
MYND 4. VIÐ HVERJA NÁMSRÁÐGJAFAR RÆDDU UM NAFNGREINDA NEMENDUR ÁN SAMRÁÐS VIÐ ÞÁ NEMENDUR.	12
MYND 5. SKRÁNING UPPLÝSINGA UM NEMENDUR	13
MYND 6. HVAÐA UPPLÝSINGAR ERU SKRÁÐAR UM NEMENDUR	14
MYND 7. FAGLEG SÍMENNTUN	15
MYND 8. HVERJIR KENNDU NÁMS- OG STARFSFRÆÐSLU	20
MYND 9. HVERSU VEL NÁMSRÁÐGJÖF OG KENNSLA FARA SAMAN	20
MYND 10. VERKEFNI TENGD NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF	22
MYND 11. VERKEFNI TENGD PERSÓNULEGRI RÁÐGJÖF	23
MYND 12. VERKEFNI TENGD SAMRÁÐI	24
MYND 13. VERKEFNI TENGD FRÆÐSLU UM	25
MYND 14. VERKÞÆTTIR ER TENGJAST STARFSÞRÓUN OG INNRA STARFI NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA	26
MYND 15. AÐRIR VERKÞÆTTIR	27
MYND 16. ÞEIR FIMM VERKÞÆTTIR ER SÝNDU MESTAN MUN	28
MYND 17. ATRIÐI SEM NÁMSRÁÐGJAFARA TÖLDU AÐ MYNDU BÆTA MEST STARFSADSTÆÐUR ÞEIRRA	29

Töflur

TAFLA 1. STARFSREYNSLA SEM NÁMSRÁÐGJAFI	7
TAFLA 2. TILVÍSANIR TIL NÁMSRÁÐGJAFNA	9
TAFLA 3. ÞJÁLFUN VERKÞÁTTA Í NÁMI	15
TAFLA 4. VIÐHORF GAGNVART STARFI NÁMSRÁÐGJAFNA	16
TAFLA 5. STUÐNINGUR Í STARFI	17
TAFLA 6. ÁNÆGJA MEÐ VINNUADSTÖÐU	19

Inngangur

Í þessari skýrslu segir frá greiningu á störfum náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur. Lögð var megináhersla á að safna upplýsingum um þau verkefni og þær aðstæður sem náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum Reykjavíkur starfa við.

Saga náms- og starfsráðgjafar er ekki löng í íslenskum grunnskólum. Upphaf námsráðgjafar í grunnskólum má rekja til ársins 1984 þegar þrír athvarfsiðjukennarar (seinna kallaðir námsráðgjafar) úr grunnskólum í Reykjavík gengu til liðs við Félag námsráðgjafa sem hafði verið stofnað þremur árum áður af sjö starfandi námsráðgjöfum í framhalds- og háskólum.

Á árunum 1989-1991 var sérstakt átaksverkefni á vegum Menntamálaráðuneytisins og voru þá námsráðgjafar ráðnir til starfa í nokkrum grunnskólum í Reykjavík, t.d. Ölduselsskóla og Réttarholtsskóla. Eftir að rekstur grunnskóla fluttist yfir til sveitarfélaga árið 1996 fjölgaði námsráðgjöfum í grunnskólum Reykjavíkur, enda þrýstu skólastjórar í borginni á um ráðningu námsráðgjafa í öllum grunnskólunum borgarinnar.

Í grunnskólum Reykjavíkur voru fimm námsráðgjafar árið 1996 en eru nú 10 árum síðar orðnir 31 og starfa í 27 af 35 almennum grunnskólum. Reynsla af námsráðgjöf er töluverð í þeim grunnskólum sem fyrstir réðu námsráðgjafa til starfa en í sumum þeirra er námsráðgjöfin nýlega hafin.

Námsráðgjöfum í grunnskólum Reykjavíkur hefur því fjölgað verulega síðustu ár og því full ástæða til að skoða og greina störf þeirra. Gengið var út frá því að skoða verkefni, samstarf og viðhorf þeirra til starfsins.

Þær tillögur sem lagðar eru fram í þessari skýrslu eru hugsaðar sem grunnur að mótun stefnu um náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum, en á alþjóðavettvangi fer nú fram mikið mótunarstarf í náms- og starfsráðgjöf.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur voru allir starfandi námsráðgjafar í almennum grunnskólum í Reykjavík. Alls voru spurningalistarnir sendir til 31 þátttakenda en af þeim hafði einn látið af störfum sem námsráðgjafi og annar starfaði ekki sem námsráðgjafi þrátt fyrir að vera á launalista sem slíkur. Af þeim sem enn voru við störf sem námsráðgjafar svöruðu 28 af 29 námsráðgjöfum listunum. Svörun var því tæplega 97%.

Mælitæki

Í þessari starfagreiningu var notast við tvo spurningalista. Annars vegar „Athugun á starfssviði námsráðgjafa¹ í grunnskólum Reykjavíkur“ þar sem spurt var almennra spurninga um störf og starfsaðstæður námsráðgjafa í grunnskólum.

Hins vegar „Mæling á verkefnum námsráðgjafans“, listi sem byggir á „The School Counselor Activity Scale“, nýju mælitæki sem þróað hefur verið í Bandaríkjunum (Scarborough, 2005) og lagað að íslenskum aðstæðum af Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur. Þar var spurt um hin ýmsu verkefni námsráðgjafa og þeir spurðir út í að hvaða marki þeir sinntu tilteknum verkefnum og að hvaða marki þeir vildu sinna þessum sömu verkefnum. Þannig fékkst mæling á því hvar áherslurnar liggja í starfinu í dag, en einnig hvar námsráðgjafar vildu að þær væru.

Framkvæmd

Gögnum var safnað á tímabilinu mars til maí 2006. Spurningalistarnir voru sendir með pósti til þeirra námsráðgjafa sem voru á launalista Reykjavíkurborgar 1. mars 2006, alls til 29 námsráðgjafa.

Þegar fyrstu niðurstöður úr spurningalistunum lágu fyrir voru myndaðir tveir rýnihópar með sex námsráðgjöfum alls. Þar var rætt frekar um helstu niðurstöður úr spurningakönnunum.

¹ Formlegt starfsheiti er náms- og starfsráðgjafi en til hægðarauka verður hér eftir aðeins talað um námsráðgjafa

Niðurstöður

Í þessum hluta er greint frá niðurstöðum úr spurningalistunum og rýnihópum. Umfjöllunin er í sjö köflum. Í fyrsta kafla er greint frá bakgrunni þátttakenda. Kafla tvö fjallar um þá nemendur sem leituðu til námsráðgjafa, fjölda þeirra, ástæður fyrir komu til námsráðgjafa, trúnað við nemendur og skráningakerfi. Í kafla þrjú er rætt um þjálfun námsráðgjafa fyrir starfið og símenntun. Kafla fjögur er um starfsumhverfi og viðhorf til starfs námsráðgjafa. Kafla fimm fjallar um hversu samræmanleg kennsla og námsráðgjöf eru. Í kafla sex er svo farið yfir mælingu á verkefnum námsráðgjafans. Verkefnunum er skipt upp í sex undirflokkar. Þeir flokkar eru: Verkefni tengd náms- og starfsráðgjöf; persónulegri ráðgjöf; samráði; fræðslu; starfsþróun og innra starf námsráðgjafa; og aðra verkþætti. Í lokakaflanum er farið yfir þau atriði sem námsráðgjafar töldu að myndu bæta starfsaðstæður þeirra mest.

1. Bakgrunnur

Þátttakendur voru 24 konur og fjórir karlar og fæðingarár svarenda var frá 1948-1977. Af þeim 28 námsráðgjöfum sem tóku þátt höfðu 25 þeirra menntun sem námsráðgjafar en hinir þrír höfðu framhaldsmenntun í félagsvísindum á háskólastigi. Af öllum þátttakendum höfðu 19 kennaramenntun.

Flestir, eða 22 störfuðu í heildstæðum grunnskóla, þrír í unglingaskóla og þrír í barnaskóla. Tafla 1 sýnir starfsreynslu námsráðgjafanna.

Tafla 1. Starfsreynsla sem námsráðgjafi

	Fjöldi
0-1 ár	2
2-5 ár	16
6-10 ár	9
11 ár eða meira	1

Allir námsráðgjafarnir utan tveggja höfðu að minnsta kosti tveggja ára starfsreynslu sem námsráðgjafar.


Enginn námsráðgjafanna var í minna en 50% starfshlutfalli sem námsráðgjafi. Fimm voru í 50% starfshlutfalli, sex voru í 65-80% og 17 voru í fullu starfi.

2. Nemendur sem leita til námsráðgjafa

Spurt var hvort náms- og starfsráðgjafarnir hefðu kynnt starf sitt inn í bekkjum á hverju skólaári og útskýrt í hverju ráðgjafarþjónustan væri fólgin og það höfðu 25 námsráðgjafanna gert.

Fjöldi nemenda á stöðugildi námsráðgjafa var mjög misjafnt eftir skólum, allt frá 180 til 760 nemendur.

Á mynd 1 sést fjöldi nemenda, skipt niður eftir bekk og kyni, sem leituðu til námsráðgjafa haustið 2005. Ekki gáfu allir námsráðgjafarnir upp hve marga nemendur þeir hittu yfir haustið og aðrir voru ekki með nákvæmar tölur. Því gefur myndin okkur aðeins hugmynd um komur nemenda til námsráðgjafa.



Mynd 1. Fjöldi nemenda, eftir bekk og kyni, sem leituðu til námsráðgjafa haustið 2005

Ekki var mikill munur á milli fjölda stelpna og stráka sem komu til námsráðgjafa en fleiri nemendur leituðu til námsráðgjafa eftir því sem þeir urðu eldri og nær hámarki í 10. bekk.

Spurt var hve mörgum þessara nemenda hafði verið vísað til námsráðgjafa, þ.e. ekki leitað þangað að eigin frumkvæði. Nokkrir námsráðgjafar voru ekki með neinar tölur um það hve mörgum nemendum hafði verið vísað til þeirra, aðrir sögðu erfitt að flokka hverjum væri vísað og hverjum ekki. Af þeim sem svöruðu var það allt frá 7% til 95% nemenda sem komu til námsráðgjafa vegna þess að þeim hafði verið vísað þangað og var mikill munur á milli skóla.

Í framhaldi af því var spurt hverjir það væru helst sem vísuðu nemendum til námsráðgjafa. Námsráðgjafarnir voru beðnir um að segja hverjir það væru sem oftast vísuðu börnum til þeirra, næst oftast, þriðja oftast og svo framvegis.

Tafla 2 sýnir að kennarar voru þeir sem oftast eða næst oftast vísuðu nemendum til námsráðgjafa. Því næst voru það stjórnendur og þar á eftir foreldrar.

Tafla 2. Tilvísanir til námsráðgjafa

	Oftast	Næst oftast	Þriðja oftast	Samtals
Kennarar	92%	8%		100%
Stjórnendur	9%	65%	17%	91%
Foreldrar	4%	35%	39%	78%


Einnig var nokkuð um að sálfræðingar eða sérkennarar vísuðu börnum til námsráðgjafa. Nokkrir námsráðgjafar nefndu einnig aðra aðila sem vísuðu nemendum til þeirra, þar má nefna nemendaverndarráð og árgangafundi (stigsfundir í 8. - 10. bekk), mismunandi sérfræðinga frá BUGL, félagsráðgjafa, stuðningsfulltrúa eða skólaliða.

Einhverjir nemendur komu að eigin frumkvæði eða koma þeirra til námsráðgjafa var afleiðing fundar með foreldrum.

Hjá rýnihópnum kom það fram að undir öllum eðlilegum kringumstæðum væri gott að umsjónarkennarinn væri sá sem væri mest inn í málum nemandans því hann stendur honum næst innan skólans. Í framhaldi af því væru svo aukin samskipti á milli umsjónarkennara og námsráðgjafa því kennari sem hefur vísað barni vil auðvitað vita hvað kemur út úr tilvísuninni.

Spurt var hversu margir foreldrar hefðu leitað til þeirra sem námsráðgjafa haustið 2005 og voru það um 300 foreldrar. Hins vegar verður að geta þess að sex af námsráðgjöfunum svöruðu ekki þessari spurningu. Hjá rýnihópnum kom það fram að ef foreldrar leita til námsráðgjafa, sérstaklega í yngri bekkjum, þá er það helst vegna þess að þeir eru ekki sáttrir við hvernig kennarinn hefur tekið á málunum.


Námsráðgjafarnir voru beðnir um að nefna þrjár helstu ástæðurnar, eftir tíðni, fyrir því að nemendur komu til þeirra. Sjá má niðurstöðurnar úr þessari spurningu á mynd 2.



Mynd 2. Algengustu ástæðurnar fyrir komu nemenda til námsráðgjafa

Á mynd 2 kemur glögglega í ljós að mest leita nemendur til námsráðgjafanna vegna vanlíðunar, s.s. kvíða og þunglyndis. Því næst er það vegna samskiptavanda heima fyrir eða í skólanum og þar á eftir til þess að fá leiðbeiningar um náms- og starfsval eftir grunnskóla.

Námsráðgjafar sem unnu með unglunga voru þá spurðir hve stórt hlutfall nemenda þeir töldu að væru vel búnir undir að taka ákvörðun um nám að loknum grunnskóla við lok 10. bekkjar.



Mynd 3. Hlutfall nemenda er námsráðgjafar telja að séu vel búnir undir að taka ákvörðun um nám að loknum grunnskóla við lok 10. bekkjar

Þar má sjá að vel rúmlega helmingur námsráðgjafa telja að um 41-69% nemenda séu vel búnir undir að taka ákvörðun um nám að loknum grunnskóla við lok 10. bekkjar. Um 38% námsráðgjafa telja að um 70-99% nemenda séu vel undirbúnir.

Fram kom í rýnihópum að mikill tími námsráðgjafanna færi í einhvers konar einstaklingsráðgjöf. Þeir sögðu að allt að 50-70% tímans fari í einstaklingsráðgjöf. Einn námsráðgjafinn sagði að öll viðtöl væru meira og minna einhvers konar ráðgjöf.

Annað sem kom fram varðandi þetta hjá námsráðgjöfum í rýnihópum var meðal annars eftirfarandi:

- Reyna að einblína á náms- og starfsráðgjöf, við upplýsingagjöf, leita að styrkleikum ákveðinna nemenda.
- Mikil ásókn í að láta mann vera sálusorgari.
- Mikið samskiptavandamál sem koma inn á borð til mín.
- Stórt hlutfall vinnu námsráðgjafa er að lagfæra í stað þess að vera fyrirbyggjandi.
- Einstaklingsráðgjöf er mest í kringum námstækni og er krökkunum þá vísað. Leita mjög lítið sjálf en þó kemur það fyrir. Þau koma með einhverjum formerkjum en svo er allt annað sem kemur í ljós að var vandinn. Í erfiðustu málunum tekur langan tíma að fá út hvað málið er.
- Leita með persónuleg vandamál. Þurfa oft stuðning bara til að heyra hvað þau eru flott. Önnur eins og gráir kettir, setjast og spjalla en ekki neitt sérstakt sem er í gangi.
- Vantar rosalega að taka hópa sem eru vinalaus börn.
- Krakkarnir skiptast í tvennt, þeir sem eru töffarar og þeir sem þurfa smá strokur.

Einnig kom fram hjá námsráðgjöfum í rýnihópum að ytra stoðkerfið væri að bregðast. Þar áttu þeir helst við Velferðarsvið, barnaverndarnefnd og BUGL. Það tæki óskaplega langan tíma að þoka málum áfram þar en innan skólans væri þetta að virka. Þau vísi málum áfram og ekkert gerist. Það væri hneyksli að verulega veikir krakkar þurfi að bíða svona lengi eftir úrræðum. Það vanti líka önnur skólaúrræði en Brúarskóla, til dæmis fyrir krakka sem eru feimnir og kvíðnir og þurfa að vera í litlum skóla.

Einnig töldu námsráðgjafar vanta einhvers konar samþættingu í hvernig unnið væri með börn og unglinga hér á landi. Hægri höndin vissi ekki hvað sú vinstri væri að gera og því þyrfti þverstofnanalega samvinnu.

Spurt var hvort námsráðgjafarnir tækju að sér agavandamál nemenda og kom fram hjá rýnihópum að svo hefði verið áður en þetta væri breytt í dag. Enginn námsráðgjafanna í rýnihópunum tók að sér beint nein agavandamál heldur kom frekar inn í mál sem tengdust þeim innan starfsviðs námsráðgjafans. Námsráðgjafinn væri frekar fulltrúi nemenda og ekki hans hlutverk að aga þá eins og einn námsráðgjafinn nefndi:

- Við erum talsmenn nemenda fyrst og fremst vegna hegðunarvandamála. Við aðstoðum nemendur við að fá kennara inn í málin, semja og þess háttar.


Trúnaður við nemendur

Spurt var hvort námsráðgjafarnir ræddu mál nemenda án samráðs við þá og kom fram að um 32% námsráðgjafa sögðust aldrei gera slíkt. Rúmlega 21% þeirra sögðust óbeint ræða mál nemenda án þess að gefa upp nafn eða aðrar upplýsingar sem gæfu til kynna hver ætti í hlut. Alls voru það 10 námsráðgjafar, eða tæplega 36%, sem sögðust ræða mál nemenda án samráðs við nemanda og nafngreina þá nemandann.

Námsráðgjafar í rýnihópum sögðu að trúnaður við nemendur væri mjög flókið mál á grunnskólastigi en að það yrði að vera hægt að ræða um mál nemenda á lokuðum fundi með sérfræðingum innan skólans, annars kæmi ekkert út úr því.

Í framhaldi af því voru þeir spurðir að því hvort þeir hefðu lent í árekstrum við samstarfsfólk vegna trúnaðar sem þeir vildu halda við nemendur. Rúmlega 68% námsráðgjafa sögðu að það hefði aldrei gerst en um 32% námsráðgjafa sögðu að þeir hefðu stundum lent í árekstrum við samstarfsfólk vegna trúnaðar við nemendur.

Þeir námsráðgjafar sem nafngreindu nemandann án samráðs við hann voru spurðir að því við hverja þeir ræddu mál nemenda. Mynd 4 sýnir við hverja þeir ræddu. Flestir ræddu mál nemenda við nemendaverndarráð og því næst við sálfræðinga.



Merkja mátti við fleiri en einn möguleika


Mynd 4. Við hverja námsráðgjafar ræddu um nafngreinda nemendur án samráðs við þá nemendur.

Þeir sem merktu við annað voru beðnir að segja við hverja þeir ræddu og þar kom fram að einn námsráðgjafinn ræddi við hjúkrunarfræðing og annar sagðist ræða við hverfalögreglu, starfsmenn þjónustumiðstöðvar, félagsmiðstöð, á sérstökum samráðsfundum í hverfinu.

Einn námsráðgjafinn sagði: „Nemendur vita að ég kem til með að fara til t.d. kennara, stjórnenda með ýmislegt er upp kemur og tengist t.d. námi, skólasókn og líðan. Einnig segi ég þeim að ég verði að láta yfirvöld vita ef eitthvað saknæmt kemur upp“.

Skráningar námsráðgjafa

Á mynd 5 kemur fram hvar námsráðgjafar skráðu upplýsingar um nemendur eftir heimsóknir. Flestir, eða um 64%, skráðu upplýsingar í dagbók, um 57% á laus blöð en aðrar leiðir voru minna notaðar.




Mynd 5. Skráning upplýsinga um nemendur

Fram kom hjá námsráðgjöfum í rýnihópi að sumt settu þau bara á minnisblað til að geta haldið trúnaði við nemendur því minnisblöð þyrfti ekki að sýna foreldrum.

Einnig kom fram að þau hefðu gefist upp á því að nota forritið Námsráðgjafann þegar ekki var hægt að færa gögn úr því yfir í Stundvísi. Annað vandamál við Námsráðgjafann væri það að gögnin uppfærðust ekki þegar nemendur færu á milli bekkja. Margir hefðu hætt að nota það forrit því það væri óhentugt. Skráningin sem þau nota þyrfti að vera tengd Mentor.

Á mynd 6 má sjá hvaða upplýsingar það eru sem námsráðgjafarnir skráðu hjá sér eftir viðtal við nemendur. Allir skráðu þeir hjá sér nafn og bekk viðkomandi nemanda. Flestir skráðu einnig hjá sér minnispunkta um viðtalið og ástæður fyrir komu nemandans.



Mynd 6. Hvaða upplýsingar eru skráðar um nemendur

Í rýnihópunum kom fram að helsta vandamálið varðandi skráningar væri að ekki væri á hreinu hvað ætti að skrá, óljóst hve nákvæm skráningin ætti að vera og hverjir hefðu aðgang að þessum upplýsingum. Mjög skiptar skoðanir væru á þessu máli og því þarft að koma á einhverjum samræmdum reglum um þetta.

3. Þjálfun fyrir starfið og símenntun

Rúmlega 43% námsráðgjafa töldu sig hafa fengið nægan undirbúning undir starfið í ráðgjafarmenntun sinni.

Þeir sem ekki töldu sig hafa fengið nægan undirbúning voru þá spurðir hvað þeir töldu að hefði helst vantað. Margir nefndu að leggja mætti meiri áherslu á ráðgjöf; persónulega ráðgjöf, hvernig á að standa að ráðgjöf fyrir yngri börn og hópráðgjöf.

Annað sem kom fram var meðal annars:

- Starfsþjálfun. Vantar stuðning fyrsta árið í starfi.
- Já og nei. Já, því maður kynntist ótal mörgum sviðum í ráðgjafanáminu. Nei, því maður fann fyrir öryggisleysi og kunni ekki nógu vel inn á stoðkerfi grunnskólans, samstarfsaðila og tilvísunaraðila.
- Mér fannst lítil áhersla lögð á námsráðgjöf í grunnskóla.

- Fyrstu árin voru mjög erfið og maður upplifði sig sem einhvers konar ruslakistu. Mikill munur á framhaldsskólanum og grunnskólanum að átta sig á „batteriinu“ í kring um grunnskólana. Er mikið flóknara í grunnskólanum.

Því næst voru námsráðgjafarnir spurðir hvort þeir teldu sig hafa hlotið nægilega þjálfun við hina ýmsu verkþætti innan námsráðgjafar. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Þjálfun verkþátta í námi


	Fjöldi	Já	Nei
Nýta tækni miðla í starfi (sérstaklega internetið)	27	81%	16%
Gera áætlanir í starfinu	27	85%	15%
Greina mál	26	85%	15%
Nýta margs konar upplýsingaveitur	25	72%	28%
Skráningu mála og skýrslugerð	26	77%	23%
Gera kannanir í skólaumhverfinu	27	78%	22%
Beita kenningum í framkvæmd	26	65%	35%
Nýta rannsóknir í starfi	25	72%	28%
Vinna með fólki af erlendum uppruna	25	44%	56%
Vinna með fjölskyldum nemenda	27	70%	30%
Búa nemendur undir náms- og starfsval	26	96%	4%
Standa að hópráðgjöf	25	60%	40%

Flestir námsráðgjafarnir töldu sig hafa hlotið nægilega þjálfun í flestum verkþáttunum. Það var helst að þeim þætti þjálfun ábótavant í því að vinna með fólki af erlendum uppruna og því hvernig standa ætti að hópráðgjöf.

Einnig nefndi einn námsráðgjafinn að það vantaði þjálfun í að vinna með nýbúa og að það væri skortur á ákveðnu ferli og gögnum varðandi þjónustu við þá. Þessi málaflokkur væri því miður á hendi margra, ríki og sveitarfélaga og mörg ráðuneyti kæmu að málefnum nýbúa. Skólinn almennt hefði ekki þau tæki sem á þarf að halda.

Símenntun

Á mynd 7 má sjá hversu oft yfir skólaárið námsráðgjafar sóttu viðburði vegna símenntunar sem væri sérhæfð fyrir náms- og starfsráðgjöf. (ráðstefnur, endurmenntunarnámskeið og fleira).



Mynd 7. Fagleg símenntun

Þar má sjá að rúmlega helmingur námsráðgjafa sóttu mjög eða frekar oft viðburði vegna faglegrar símenntunar. Enginn námsráðgjafi sagðist sækja viðburði mjög sjaldan en um 19% sögðust frekar sjaldan sækja viðburði er varða eigin starfsþróun.

Rætt var um símenntun námsráðgjafa í rýnihópunum og þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

- Finnst vanta símenntum sem er fyrir námsráðgjafa í grunnskóla. Félagið er að fara að stað með námspakka.
- Vantar sem dæmi námskeið varðandi atvinnumarkaðinn, hvaða störf eru í næstu framtíð, varðandi skólana. Er svo margt að breytast í bæði menntakerfi og atvinnulífi sem þau verða að vera skrefi á undan. Þau verða að fylgjast með því sjálf.
- Til dæmis varðandi nýtt innritunarkerfi í framhaldsskólana sem menntamálaráðuneytið var að kynna og var algjörlega misheppnað. Þau fengu ekkert að vita um þetta að fyrra bragði. Ef þau eru ekki dugleg sjálf að leita sér upplýsinga sem eru ekki alltaf auðfengnar eru þau oft ekki með á nótunum.
- Væri rosalega sterkt ef Menntasvið væri með námsráðgjafa sem tengilið. Sá tengiliður myndir til dæmis sjá um upplýsingamiðlun og fræðslufundi. Var mjög gott þegar var fundur einu sinni í mánuði.
- Námsráðgjafar ganga inn í heildar símenntunarpakka skólans sem er nauðsynlegt til þess að vita hvert skólinn er að stefna og geta þá mótað sitt starf út frá því.
- Eftir því sem námsráðgjafar eru lengur í starfi þá fá þeir fleiri verkefni og hafa ekki tíma til að sinna eigin símenntun.
- Vantar ekki framboð á símenntun fyrir námsráðgjafa. Er tímaleysi sem veldur því að fara ekki.
- Kostnaður ekki vandamál vegna símenntunar. Væri ekki vandamál að fá leyfi á vinnutíma til að sækja sér símenntun, það eru þeirra eigin samviska sem er að aftra þeim.

4. Starfsumhverfi og viðhorf til starfs

Spurt var um viðhorf til starfa námsráðgjafa og stuðning sem þeir upplifðu við störf sín. Einnig var spurt um vinnuáðstöðu.

Í töflu 4 má sjá viðhorf starfsfólks skólans, foreldra og nemenda gagnvart starfi námsráðgjafa.

Tafla 4. Viðhorf gagnvart starfi námsráðgjafa

	Fjöldi	Mjög jákvætt	Frekar jákvætt	Hvorki né/ bæði og	Frekar/mjög neikvætt
Skólastjóra	28	64%	36%		
Aðstoðarskólastjóra	28	57%	36%		8%
Deildarstjóra	28	37%	52%	11%	
Yfirmanna sérkennslu	26	43%	46%	11%	
Annars starfsfólks	28	32%	57%	11%	
Foreldra	28	32%	57%	11%	
Nemenda	28	46%	50%	4%	

Allir námsráðgjafarnir töldu að viðhorf skólastjóra til starfa námsráðgjafa væri *frekar* eða *mjög* jákvætt og almennt töldu námsráðgjafar að viðhorf til starfs þeirra væri jákvætt. Aðeins var

ein undantekning þar á, átta prósent námsráðgjafa töldu að viðhorf aðstoðarskólustjóra til starfs þeirra væri neikvætt.

Því næst voru námsráðgjafarnir spurðir hvort þeir hefðu mætt skilningsleysi á starfi sínu af hálfu samstarfsfólks. Tæplega 54% svarenda sögðust *aldrei* hafa mætt skilningsleysi á starfi sínu en rúmlega 46% sögðust *stundum* hafa mætt skilningsleysi.

Í framhaldi af þessu var það rætt í rýnihópunum hvernig samvinnan gengi í skólunum almennt og voru allir námsráðgjafarnir á því að hún gengi yfirleitt vel fyrir sig.

Þetta er meðal þess sem fram kom í hópunum:

- Samvinna í mínum skóla er mjög góð. Löng hefð fyrir námsráðgjöfum og námsráðgjöfin er orðin hluti af skólastarfinu sem er mjög ánægjulegt.
- Yngri kennarar eru móttækilegri fyrir að leita aðstoðar fyrir sína nemendur. Var erfitt þegar ég byrjaði, þá var eins og krakkarnir væru að klaga í námsráðgjafann. Námsráðgjafinn er þó ekki enn í dag orðinn hluti af stoðkerfi skólans. Námsráðgjafar eru inni hjá sér í frímínútum því þá leita krakkarnir til þeirra.
- Samvinnan er þokkaleg en ekki 100%. Fann fyrir miklu óöryggi með þetta starf, var margt sem vissi ekki um. Finnst ég vera faglega einmana í starfi mínu innan skólans.
- Hlutverk námsráðgjafans er óljóst þó að það sé löng hefð fyrir námsráðgjöf í þessum skóla. Á að þróa starfið áfram og það er erfitt þegar maður er einn.
- Að námsráðgjafinn vinni alltaf einn er mikill akkilesarhæll fyrir þróun námsráðgjafar í grunnskólunum.
- Samvinna gengur mjög vel við allt starfsfólk. Mest ef það er eitthvað persónulegt í gangi.
- Hamlar starfi námsráðgjafa að kennarar eru of meðvitaðir um það hvað þeir fái borgað fyrir. Er ekki hægt að vinna hópavinnu með þeim.

Spurt var hvort námsráðgjafar teldu sig fá nægan stuðning í starfi frá ýmsum aðilum og niðurstöðurnar má sjá í töflu 5.

Tafla 5. Stuðningur í starfi

	Fjöldi	Já	Nei
Stjórnendum skólans	26	92%	8%
Öðru samstarfsfólki	26	80%	20%
Menntasviði Reykjavíkurborgar	19	5%	95%
Menntamálaráðuneyti	17		100%
MA námi í náms- og starfsráðgjöf í			
Háskóla Íslands	13	23%	77%
Endurmenntun	20	40%	60%
Öðrum námsráðgjöfum	26	85%	15%
Félagi náms- og starfsráðgjafa	21	76%	24%
Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar	13	31%	69%

Hér má sjá að flestir námsráðgjafarnir töldu sig fá nægan stuðning í starfi frá stjórnendum skólans og öðru samstarfsfólki. Sama átti við stuðning frá öðrum námsráðgjöfum sem og Félagi náms- og starfsráðgjafa.

Í sumum tilvikum þar sem námsráðgjafar töldu stuðning ekki nægan, t.d. frá menntamálaráðuneytinu, Menntasviði Reykjavíkurborgar, MA námi í náms- og starfsráðgjöf í HÍ og Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar má ætla að það sé vegna þess að lítið reyndi á samskipti við þessar stofnanir.

Í framhaldi af þessu voru námsráðgjafar spurðir hvað þeim þætti skorta upp á til að fá nægan stuðning í starfi og þar kom m.a. eftirfarandi fram:

- Það þarf meiri stuðning þegar maður hefur störf. Það vantar stuðning fyrsta starfsárið.
- Vantar formlegt samstarf, samræmdar upplýsingar, skráningarleiðir í Mentor og leiðbeiningar og eftirfylgd með árlegum skýrslum sem sendar eru til sviðstjóra Menntasviðs.
- Mikilvægast er að stjórnendur skólans skilji eðli starfsins og álag - baklandið er fyrst og fremst þar.
- Námsráðgjafi er mjög einangraður í starfi, meðal annar vegna vanþekkingar annarra á starfinu.
- Vantar gögn sem nýtast í náms- og starfsráðgjöf, t.d. frá ráðuneyti.
- Menntasvið mætti sinna náms- og starfsráðgjöfum með samstarfsfundum og fræðslu (svipað og var hjá Fræðslumiðstöð). Hjá samstarfsfólki skortir oft skilning á starfinu.
- Námsráðgjafi og skólastjóri hafa reynt að setjast niður reglulega til að afmarka betur námsráðgjöfina í þessu stoðkerfi skólans. Er þannig að þau verkefni sem enginn veit hver á að sinna enda hjá námsráðgjafa.
- Tel mig geta fengið þann stuðning sem ég vil. Gæti verið duglegri að leita eftir honum.
- Vantar t.d. núna tengilið við námsráðgjafa frá Menntasviði og/eða þjónustumiðstöðvum.
- Vantar algerlega samstarf við aðra námsráðgjafa
- „Ruslakistu tilhneiging“.
- Algjört afskiptaleysi, engin endurmenntun í boði fyrir náms- og starfsráðgjafa sérstaklega. Vantar styttra nám en MA námið.

Spurt var um handleiðslu í starfi. Aðeins rúmlega 21% námsráðgjafa fengu handleiðslu í starfi en þó töldu rúmlega 93% námsráðgjafa það mjög eða frekar mikilvægt að fá handleiðslu. Í rýnihópunum kom þetta fram:

- Handleiðsla er mjög mikilvæg. Þarna speglar maður sig í öðrum, getur komið með mál sem eru erfið, getur auðvitað leitað til stjórnenda en stundum koma upp mál sem snúa að þeim. Þarf líka að vera á hreinu hver á að borga handleiðsluna.

Í töflu 6 má sjá hversu ánægðir námsráðgjafarnir voru með hina ýmsu þætti í vinnuaðstöðu sinni.

Tafla 6. Ánægja með vinnuaðstöðu

	Fjöldi	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né/ bæði og	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Tölvuforrit	28	50%	36%	11%	0%	4%
Prentari	28	68%	14%	14%	0%	4%
Stærð herbergis	27	44%	19%	11%	22%	4%
Húsbúnaður	28	32%	36%	18%	11%	4%
Hljóðeinangrun	28	14%	36%	18%	25%	7%
Aðstaða fyrir gagnasafn um nám og störf	28	21%	36%	18%	21%	4%
Aðstaða fyrir hópráðgjöf	28	21%	29%	7%	11%	32%

Flestir voru ánægðir með tölvuforrit og prentara. Helst var að það væri óánægja með aðstöðu fyrir hópráðgjöf en um 43% námsráðgjafa voru óánægðir með hana.

Þá var spurt hvað það væri sem námsráðgjafar væru helst óánægðir með í starfsaðstöðu sinni og þar kom fram bæði í spurningalistanum og hjá rýnihópunum að oftast væri það stærð herbergisins, það er að herbergið væri of lítið til að hægt væri að vera með hópráðgjöf þar inni. Það væri slæmt því einstaklingsráðgjöf væri mjög dýr og því væri gott að vera meira með hópa. Til dæmis fyrir námstækni og upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf.

Nokkrir námsráðgjafanna sögðu einnig að staðsetning þeirra í skólanum væri þeim til nokkurra trafala. Þeir væru þannig staðsettir að nemendurnir gætu ekki litið inn þegar þeim hentaði og það yrði til þess að krakkarnir leituðu ekki eins mikið til þeirra á óformlegan hátt.

5. Kennsla

Tæplega 43% námsráðgjafanna höfðu á einhverjum tímapunkti kennt almenna kennslu í skólanum með ráðgjafarstarfinu og þar af kenndu flestir með ráðgjafarstarfinu á skólaárinu 2005-2006. Yfirleitt kenndu þeir á bilinu 6-14 tíma á viku.

Þá var spurt hvaða greinar þeir kenndu og kenndi þar ýmissa grasa. Rúmlega helmingur þeirra kenndi lífsleikni og tæplega helmingur kom að sérkennslu. Einstaka námsráðgjafar kenndu önnur fög og má þar nefna íslensku, dönsku og trúarbragðafræði.

Í framhaldi af því voru þeir spurðir hvers vegna þeir tóku að sér kennslu. Rúmlega helmingur þeirra tók að sér kennslu vegna launanna eða til þess að fylla upp í 100% starf. Tveir námsráðgjafar sem kenndu lífsleikni töldu það tengjast námsráðgjöfinni.


Rúmlega 64% námsráðgjafanna sögðu að námsgreinin náms- og starfsfræðsla væri kennd hjá þeim. Hjá rúmlega helmingi þeirra var náms- og starfsfræðslan kennd í 8-10 bekk, hjá tveimur fjórða til sjöunda og tveimur hjá fjórða til tíunda bekk. Fjórir námsráðgjafar gáfu ekki upp hvaða aldurshópum væri kennt.

Fram kom hjá námsráðgjöfum í rýnihópum að náms- og starfsfræðsla þyrfti að byrja fyrr, það væri of seint að byrja í 10. bekk. Þeir væru auðvitað að gera eitthvað fyrr en þyrfti að vera

markvissara. Einnig að það þyrfti að koma skýrar fram í aðalnámskrá grunnskóla að kenna þurfi kenna náms- og starfsfræðslu.

Hjá langflestum námsráðgjöfunum var náms- og starfsfræðsla kennd innan lífsleikni en hjá fjórum námsráðgjöfunum var það valgrein.


Á mynd 8 má sjá hverjir það voru sem kenndu náms- og starfsfræðslu. Oftast voru það námsráðgjafar sem kenndu en almennir kennarar komu einnig að þeirri kennslu.



Mynd 8. Hverjir kenndu náms- og starfsfræðslu

Um 63% námsráðgjafa tóku með einhverjum þætti, þátt í lífsleiknikennslu á skólaárinu 2005-2006. Hjá rúmlega helmingi þeirra var lífsleiknin kennd í 8.-10. bekk, hjá fjórðungi í 4.-7. bekk og hjá fjórðungi í 4.-10. bekk.

Námsráðgjafar voru spurðir hvort þeir teldu kennslu og námsráðgjöf fara vel saman og má sjá niðurstöðurnar á mynd 9.



Mynd 9. Hversu vel námsráðgjöf og kennsla fara saman

Rúmlega 14% námsráðgjafa töldu að þetta færi vel saman en um 75% námsráðgjafa töldu að kennsla og námsráðgjöf færi illa saman.

Einn námsráðgjafinn bætti við:

- Námsráðgjöf og kennsla fara frekar illa saman og því hætti ég í almennri fagkennslu því að meðal annars kom það sjónarmið upp hjá nemendum að ég væri þá ekki lengur „þeirra“. Lífsleikni er annað mál, tengist að mörgu leiti. Einnig finnst mér gott að vinna í námsveri.

Hjá rýnihópunum kom það meðal annars fram að námsráðgjafi ætti til dæmis ekki að kenna stærðfræði því þeir sem bæði kenna almenna fagkennslu og eru með námsráðgjöf sitji á tveimur stólum sem hafa ólíka stöðu gagnvart nemendum.

Þó fannst þeim að kennsla í náms- og starfsráðgjöf ætti að vera sjálfsagður hluti af starfinu, ef viðkomandi hefði einnig kennaramenntun í grunninn. Það væri ekki erfitt að aðskilja ráðgjafa- og kennarastarfið þegar verið væri að kenna náms- og starfsráðgjöf.

Einnig töldu þeir að lífsleiknikennslan yrði betri ef til dæmis námsráðgjafar fengju að skipuleggja kennsluna. Lífsleiknin krefðist mikils undirbúnings sem umsjónarkennarar gæfu sér ekki tíma í en námsráðgjafar væru tilbúnir til þess að undirbúa og skipuleggja lífsleiknikennslu þó þeir kenndu hana ekki.


6. Mæling á verkefnum námsráðgjafans

Í þessum hluta verður farið yfir niðurstöðurnar úr þeim hluta rannsóknarinnar sem var *mæling á verkefnum námsráðgjafa*. Þar var spurt um verkefni námsráðgjafa og þeir spurðir að hvaða marki þeir *sinnu* tilteknum verkefnum og að hvaða marki þeir *vildu sinna* þessum sömu verkefnum. Þannig mátti sjá áherslur í starfinu eins og það er nú og hvernig námsráðgjafar vildu að starfið væri.

Verkefnum er skipt upp í sex undirflokkar. Þeir flokkar eru: verkefni tengd náms- og starfsráðgjöf; persónulegri ráðgjöf; samráði; fræðslu; starfsþróun og innra starfi námsráðgjafa og aðrir verkþættir.

Námsráðgjafarnir voru beðnir um að merkja við á skalanum 1-5 fyrir hvern verkþátt, þar sem einn hafði merkinguna *aldrei* og fimm hafði merkinguna *oft*. Myndirnar hér fyrir neðan sýna meðaltöl fyrir hvern verkþátt.

Á mynd 10 má sjá hve oft, að meðaltali, námsráðgjafarnir sinntu eða vildu sinna verkefnum tengdum náms- og starfsráðgjöf.




Mynd 10. Verkefni tengd náms- og starfsráðgjöf

Af þessum verkefnum var ráðgjöf við nemendur áberandi í starfinu, um mál tengd námi, námstækni, valáfanga og framhaldsnám nemenda. Þrátt fyrir að þessir þættir hafi verið með hæsta meðaltalið vildu þeir sinna þeim meira.

Atriðin á mynd 10 tengjast öll náms- og starfsráðgjöf og það er athyglisvert að öllum þessum verkþáttum vildu námsráðgjafar sinna mun meira en þeir gerðu. Þetta gæti bent til þess að þeim þyki ekki nægilega mikil áhersla vera á þann hluta starfsins sem tengist náms- og starfsráðgjöf beint.

Á mynd 11 má sjá hve oft námsráðgjafar sinntu eða vildu sinna verkefnum tengdum persónulegri ráðgjöf.




Mynd 11. Verkefni tengd persónulegri ráðgjöf

Á þessari mynd er mun meira jafnvægi á milli þess sem námsráðgjafar sinntu og vildu sinna í starfi sínu. Þó voru undantekningar þar á hvað varðar ráðgjöf við nemendur um persónuleg málefni og sérstaklega hegðun sem þeir vildu gera heldur minna af.

Af þeim atriðum sem fram koma á mynd 11 þá sinntu námsráðgjafar minnst formlegu mati á framförum nemenda eftir að þeir höfðu tekið þátt í einstaklings eða hópráðgjöf og vildu þeir sinna þessu í mun meira mæli. Hið sama á við varðandi eftirfylgni við þiggjendur einstaklings- eða hópráðgjafar og hópráðgjöf um samskipti/félagslega færni.

Á mynd 12 má sjá hve oft námsráðgjafarnir sinntu eða vildu sinna verkefnum tengdum samráði.




Mynd 12. Verkefni tengd samráði

Athyglisvert er að sjá að námsráðgjafar sinntu samráði við starfsfólk skólans um hegðun nemenda í mun meira mæli en þeir vildu. Þetta er í samræmi við svör þeirra á mynd 11 þar sem fram kom að þeir vildu draga úr ráðgjöf við nemendur um hegðun í skólanum. Þetta er einnig í samræmi við það sem fram kom í rýnihópum námsráðgjafa og nefnt hefur verið hér að framan. Námsráðgjafinn væri frekar fulltrúi nemenda og ekki hans hlutverk að aga þá. Þeir væru fyrst og fremst talsmenn nemenda vegna hegðunarvandamála.

Það sem helst má teljast markvert við niðurstöðurnar á þessari mynd er að námsráðgjafar vildu taka meiri þátt í samráði, innan og utan skólans, en þeir gerðu.

Á mynd 13 kemur fram hve oft námsráðgjafarnir sinntu eða vildu sinna verkefnum tengdum fræðslu.




Mynd 13. Verkefni tengd fræðslu um..

Hér má sjá að helst sinntu þeir fræðslu varðandi einelti og misnotkun vímuefna, þó vildu þeir heldur sinna vímuefnafræðslunni í mun minna mæli en þeir gerðu.

Annarri fræðslu vildu þeir hins vegar sinna í mun meira mæli en þeir gerðu.


Á mynd 14 kemur fram hver oft námsráðgjafarnir sinntu eða vildu sinna verkefnum tengdum þeirra eigin starfsþróun og innra starfi sem námsráðgjafar.



Mynd 14. Verkhættir er tengjast starfsþróun og innra starfi náms- og starfsráðgjafa

Öllum þessum þáttum vildu þeir sinna í mun meira mæli en þeir gerðu. Eina undantekningin þar á var varðandi skráningu mála í skráningarkerfi námsráðgjafa, en því vildu þeir sinna í mun minna mæli en gert var.


Á mynd 15 má sjá hve oft námsráðgjafarnir sinntu eða vildu sinna verkefnum tengdum öðrum verkþáttum.



Mynd 15. Aðrir verkþættir

Það sem helst er markvert við þessa mynd er að námsráðgjafar sinntu í nokkrum mæli því að samhæfa sérstaka viðburði innan skólans, samhæfa viðbrögð skólans vegna áfalla og tóku þátt í stefnumótun vegna lífsleikni. Öllum þessum verkþáttum vildu þeir þó sinna í mun meira mæli en þeir gerðu.

Á mynd 16 má finna þá fimm verkþætti þar sem mesti mismunurinn kom fram á milli þess hve mikið námsráðgjafar sinntu þessum þáttum og hve mikið þeir vildu sinna þessum sömu þáttum.




Mynd 16. Þeir fimm verkþættir er sýndu mestan mun

Hér má sjá að öll þessi atriði tengdust náms- og starfsráðgjöf og í öllum tilfellum vildu námsráðgjafar sinna þessum verkþáttum mun meira en þeir gerðu. Þetta styður enn frekar þá tilgátu sem sett var fram við mynd 10, að námsráðgjöfum þyki ekki nægilega mikil áhersla vera á þann hluta starfsins sem tengist náms- og starfsráðgjöf beint.

7. Þau atriði sem myndu bæta mest starfsaðstæður námsráðgjafa

Á mynd 17 má sjá þau atriði sem námsráðgjafarnir töldu að myndu bæta mest starfsaðstæður þeirra. Þeir voru beðnir um að merkja við hvað væri mikilvægast til að bæta starfsaðstæður þeirra, næst mikilvægast og svo framvegis.



Mynd 17. Atriði sem námsráðgjafara töldu að myndu bæta mest starfsaðstæður þeirra

Það sem flestir námsráðgjafar töldu að myndi bæta starfsaðstæður þeirra mest væri heildarlöggjöf og stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Því næst handleiðsla í starfi og þar á eftir endurmenntun námsráðgjafa og lögverndun. Önnur atriði skoruðu lægra.

Í rýnihópum var rætt frekar um starfsaðstæður og þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

- Heildarlöggjöf myndi hjálpa námsráðgjöfum sem stétt. Væru ekki svona týnd og óörugg og myndu styrkjast sem fagmenn og fá meiri viðurkenningu á starfið. Þeir eru ung starfsstétt og eru svolítið eins og krakkar á leikskóla.

- Væri gott að hafa á skýru hvað þeirra hlutverk þeirra er og ef þau hefðu þessa löggjöf væri stéttarvitundin meiri. Samsömun þeirra sem stétt væri til að styrkja þau í starfi.
- Þurfum að fá lögverndun á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi því það bæði eykur fag- og stéttarvitund.
- Námsráðgjafastarfið er loðið og í lausu lofti. Skólastjóri þarf ekki alltaf að ráða námsráðgjafa í starf námsráðgjafa og því er lögverndun mikilvæg. Námsráðgjafar ættu að vera þeir sem hafa menntun sem slíkir. Sumir skólastjórar vilja frekar ráða félagsráðgjafa því þeir eru meira inn í „félagsbatterýinu“.
- Námsráðgjafar vilja jafnvel meiri stýringu á ýmsan hátt. Vantar ákveðinn ramma utan um starfið og meiri samskipti.
- Vantar yfirstjórn hvað þetta varðar. Í Englandi er stýring á hvað náms og starfsráðgjafar gera. Hér geta þeir gert það sem þeim dettur í hug. Var hópur sem Bryndís var fyrir innan Fræðslumiðstöðvar sem var að vinna að t.d. að því hvort senda á krakka í starfskynningar eða ekki. Svörin frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur voru að þið bara ráðið hvernig þið gerið þetta. Er ekki kallað eftir áætlun frá námsráðgjöfum um hvernig þeir ætla að haga starfinu. Sumir skólar t.d. senda ekki krakka í starfskynningar því námsráðgjafar ákveða að hafi of mikið að gera til að skipuleggja þetta. Skólastjórnendum kemur þetta ekkert við.
- Er ekki til neitt sameiginlegt gagnasafn sem þau geta nýtt sér. Sameiginlegur gagnabanki væri frábær.
- Í Bretlandi eru til bækur sem maður getur notað um starfsfræðslu og fleira . Hér eru allir að búa til sitt. Það þarf að byrja svo snemma í skólakerfinu að vinna með náms- og starfsráðgjöf til að þetta virki.

8. Samantekt

Markmiðið með þessari starfagreiningu var að reyna að fá sem gleggsta mynd af aðstæðum og verkefnum náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur.

Fjöldi nemenda á stöðugildi námsráðgjafa var mjög misjafnt eftir skólum, allt frá 180 til 760 nemendur. Ekki var mikill munur á milli fjölda stelpna og stráka sem komu til námsráðgjafa en fleiri nemendur leituðu til námsráðgjafa eftir því sem þeir urðu eldri og það náði hámarki í 10. bekk.

Mikill munur var á milli skóla, hvort nemendum hafði verið vísað til námsráðgjafa eða leitað til þeirra af eigin frumkvæði. Þegar nemendum hafði verið vísað voru það helst kennarar sem gerðu það. Því næst voru það stjórnendur og þar á eftir foreldrar.

Ástæðurnar fyrir því að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru margskonar. Mest leituðu nemendur til námsráðgjafanna vegna vanlíðunar, s.s. kvíða og þunglyndis. Því næst var það vegna samskiptavanda heima fyrir eða í skólanum og þar á eftir til þess að fá leiðbeiningar um náms- og starfsval eftir grunnskóla.

Námsráðgjafar í rýnihópum sögðu að trúnaður við nemendur væri mjög flókið mál á grunnskólastigi, það yrði að vera hægt að ræða um mál nemenda á lokuðum fundi með sérfræðingum innan skólans, annars kæmi ekkert út úr því. Tæplega 36% námsráðgjafa sögðust ræða mál nemenda án samráðs við nemanda og nafngreina þá nemandann. Flestir ræddu mál nemenda við nemendaverndarrád og/eða sálfræðinga. Um þriðjungur námsráðgjafa sagðist stundum hafa lent í árekstrum við samstarfsfólk vegna trúnaðar við nemendur.

Mjög misjafn var á milli námsráðgjafa hvar þeir skráðu upplýsingar um nemendur sem leituðu til þeirra. Í rýnihópunum kom fram að helsta vandamálið varðandi skráningar væri að ekki væri á hreinu hvað ætti að skrá, óljóst hve nákvæm skráningin ætti að vera og hverjir hefðu aðgang að þessum upplýsingum. Mjög skiptar skoðanir væru á þessu máli og því þarft að koma á einhverjum samræmdum reglum um þetta.

Rúmlega 43% námsráðgjafa töldu sig hafa fengið nægan undirbúning undir starfið í ráðgjafarmenntun sinni. Þeir sem ekki töldu sig hafa fengið nægan undirbúning voru þá spurðir hvað þeir teldu að hefði helst vantað. Margir nefndu að leggja mætti meiri áherslu á ráðgjöf; persónulega ráðgjöf, hvernig á að standa að ráðgjöf fyrir yngri börn og hópráðgjöf. Einnig að þjálfun væri ábótavant í því að vinna með fólki af erlendum uppruna.

Rúmlega helmingur námsráðgjafa sögðust oft sækja viðburði vegna faglegrar símenntunar. Um 19% sögðust frekar sjaldan sækja viðburði er varða eigin starfsþróun. Væri helst tímaleysi sem ylli því. Einnig væri skortur á námskeiðum fyrir námsráðgjafa í grunnskólum.

Almennt töldu námsráðgjafarnir að samvinna í skólanum gengi vel fyrir sig. Tæplega helmingur þeirra hafði stundum mætt skilningsleysi á starfi sínu af hálfu samstarfsmanna. Þó töldu námsráðgjafar almennt að viðhorf stjórnenda og samstarfsfólks þeirra til starfs námsráðgjafa væri jákvætt og að þeir fengju nægan stuðning í starfi frá stjórnendum skólans, sem og öðru samstarfsfólki. Það sem helst væri ábótavant væri meiri stuðningur fyrsta árið í starfi.

Almennt voru námsráðgjafar ánægðir með starfsaðstöðu sína, helst var óánægja með aðstöðu fyrir hópráðgjöf. Það væri slæmt því einstaklingsráðgjöf væri mjög dýr og því væri gott að vera meira með hópa.

Tæplega 43% námsráðgjafanna höfðu á einhverjum tímapunkti kennt almenna kennslu í skólanum með ráðgjafarstarfinu. Um 75% námsráðgjafa töldu að almenn kennsla og námsráðgjöf færi illa saman.

Rúmlega 64% námsráðgjafanna sögðu að námsgreinin náms- og starfsfræðsla væri kennd hjá þeim. Fram kom hjá námsráðgjöfum í rýnihópum að náms- og starfsfræðsla þyrfti að byrja fyrir og jafnframt þyrfti að koma skýrar fram í aðalnámskrá að kenna þurfi náms- og starfsfræðslu.

Verkefni námsráðgjafa

Af verkefnum tengdum náms- og starfsráðgjöf var ráðgjöf við nemendur mest áberandi í starfinu. Þetta var þá ráðgjöf um mál tengd námi, námstækni, valáföngum og framhaldsnámi nemenda. Námsráðgjafar vildu sinna öllum verkþáttum tengdum náms- og starfsráðgjöf mun meira en þeir gerðu. Þetta gæti bent til þess að þeim þyki ekki nægilega mikil áhersla vera á þann hluta starfsins sem tengist náms- og starfsráðgjöf beint.

Í verkefnum tengdum persónulegri ráðgjöf kom fram mun meira jafnvægi en í verkefnum tengdum náms- og starfsráðgjöf, á milli þess sem námsráðgjafar sinntu og vildu sinna í starfi sínu. Þó voru undantekningar þar á hvað varðaði ráðgjöf við nemendur um persónuleg málefni og þá sérstaklega hegðun sem þeir vildu gera heldur minna af. Þá sinntu námsráðgjafar minnst formlegu mati á framförum nemenda eftir að þeir höfðu tekið þátt í einstaklings- eða hópráðgjöf og vildu þeir sinna þessu í mun meira mæli.

Í verkefnum tengdum samráði sinntu námsráðgjafar samráði við starfsfólk skólans um hegðun nemenda í mun meira mæli en þeir vildu. Þetta er í samræmi við vilja þeirra til að draga úr ráðgjöf við nemendur um hegðun í skólanum. Námsráðgjafar vildu almennt taka meiri þátt í samráði, innan og utan skólans, en þeir gerðu.

Hvað varðar verkefni tengd fræðslu sinntu námsráðgjafar helst fræðslu varðandi einelti og misnotkun vímuefna, þó vildu þeir heldur sinna vímuefnafræðslunni í mun minna mæli en þeir gerðu. Annarri fræðslu vildu þeir hins vegar sinna í mun meira mæli en þeir gerðu.

Námsráðgjafar vildu verja mun meiri tíma til starfsþróunar og símenntunar (t.d. sækja viðburði sem varða eigin starfsþróun; fræða foreldra, kennara og stjórnendur um hlutverk námsráðgjafans í skólanum; fylgjast með því hvernig tíma þeirra er varið til mismunandi þátta starfs síns) en þeir gerðu. Eina undantekningin þar á var varðandi skráningu mála í skráningarkerfi námsráðgjafa, en því vildu þeir sinna í mun minna mæli en gert var.

Að lokum nefndu námsráðgjafarnir þau atriði sem þeir töldu að myndu bæta mest starfsaðstæður þeirra. Þeir voru beðnir um að segja hvað væri mikilvægast til að bæta starfsaðstæður þeirra, næst mikilvægast og svo framvegis. Það sem flestir námsráðgjafar töldu að myndi bæta starfsaðstæður þeirra mest væri heildarlöggjöf í stefnumótun í náms- og starfráðgjöf. Því næst handleiðsla í starfi og þar á eftir endurmenntun námsráðgjafa og lögverndun. Önnur atriði skoruðu lægra.

9. Lokaorð

Almennt má segja að námsráðgjafar séu áhugasamir í starfi og vildu gjarnan gera betur. Sérstaklega var það áberandi varðandi alla þá verkþætti er tengdust náms- og starfsráðgjöf beint, þó þeir vildu einnig gera betur í öðrum verkefnum sem tengjast starfi þeirra.

Víða virtist vera pottur brotinn hvað varðar kennslu í náms- og starfsfræðslu í grunnskólum Reykjavíkurborgar þar sem hún var ekki kennd í um 30% grunnskóla með unglingadeildir. Það hlýtur að teljast miður að svo margir nemendur fari á mis við slíka fræðslu og spurning hvaða áhrif það hefur á framhaldsnám þeirra og starfsþróun í framtíðinni. Þarna er úrbóta þörf og æskilegt væri að skýrar kæmi fram í aðalnámskrá grunnskóla að kenna þurfi náms- og starfsfræðslu.

Nær allir námsráðgjafarnir töldu að námsráðgjöf og kennsla færu illa saman, sérstaklega ef um kennslu í almennum námsgreinum væri að ræða. Þó töldu margir þeirra að fræðsla tengd náms- og starfsvali félli vel að starfinu. Æskilegt væri því að marka stefnu innan grunnskólanna um það hvort eðlilegt væri að námsráðgjafar sinntu kennslu almennt.

Í starfi námsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur virtist mest áhersla vera lögð á einstaklingsráðgjöf en ljóst er að námsráðgjafarnir töldu að betra væri að geta sinnt hópráðgjöf í meira mæli. Einstaklingsráðgjöf væri mjög dýr og því væri gott að vera meira með hópa. Það sem helst varnaði því að námsráðgjafarnir sinntu meira hópráðgjöf var aðstöðuleysi til að stunda hópráðgjöf sem og það að ekki væri nægur undirbúningur í náminu um það hvernig standa ætti að hópráðgjöf. Því mætti leggja meiri áherslu á hópráðgjöf í námi námsráðgjafa. Hvað aðstöðuleysið fyrir hópráðgjöf varðar má velta fyrir sér hvort ekki finnist tómar kennslustofur í skólanum yfir daginn þar sem hægt væri að vera með hópráðgjöf.

Að mati námsráðgjafa fór of mikill hluti starfs þeirra í að sinna ráðgjöf við nemendur og samráði við starfsfólk, vegna hegðunar nemenda í skólanum. Það má velta því fyrir sér hvort þetta sé ekki varasöm þróun ef of mikill tími námsráðgjafa fer í slík mál. Þá er hætt við að önnur brýn verkefni sem námsráðgjafinn er vel þjálfður til að sinna fari forgörðum. Námsráðgjafarnir líta á sig sem fulltrúa nemenda og telja ekki sitt hlutverk að aga þá, heldur að vera talsmenn nemenda vegna hegðunarvandamála. Það er líka hætt við að námsráðgjafinn tapi nauðsynlegum trúnaði við nemendur, ef hann er mikið til staðar í erfiðum agavandamálum. Það er nauðsynlegt að staða námsráðgjafa gagnvart nemendum sé vel skilgreind.

Skráning mála sem komu til námsráðgjafa var ólík milli skóla og nokkur óánægja ríkti með skráningarforritið Námsráðgjafinn. Námsráðgjafar virtust vera tilbúnir til að skrá upplýsingar í sameiginlegt skráningarkerfi skólans, en ekki í sér skráningarkerfi. Einnig kom fram hjá námsráðgjöfum að ekki væri alltaf ljóst hvaða upplýsingar ættu að skrá eftir viðtal og hverjir ættu að hafa aðgang að þeim upplýsingum. Þá má velta fyrir sér hvort yfirleitt er þörf á nákvæmri skráningu og hvaða tilgangi sú skráning þjóni. Ef tilgangurinn er fyrst og fremst að skrá minnispunkta fyrir námsráðgjafann sjálfan er kannski óþarfi að vera með sér skráningarkerfi. Þetta eru atriði sem væri þarft að skoða betur og koma á samræmdum skráningarreglum.

Það var mikill munur á milli námsráðgjafa hvernig þeir héldu trúnað við nemendur. Það er, hvort þeir ræddu málefni þeirra við aðra án þess að hafa fengið fyrir því samþykki nemenda.

Þetta efni væri vissulega ástæða til að kanna nánar, t.d. hvort starfsreynsla námsráðgjafans eða menning skólans spili þar inn í. Þriðjungur svarenda hafði á einhverjum tímavarki lent í árekstrum við aðra starfsmenn skólans vegna trúnaðar við nemendur. Það er nokkuð há tala og gæti verið vísbending um að skerpa þurfi í hugum manna hver markmið námsráðgjafarinnar eru.

Það sem námsráðgjafarnir töldu að myndi bæta mest starfsaðstæður þeirra var heildarlöggjöf og stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf, handleiðsla í starfi og lögverndun á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi. Með þessu kæmi ákveðinn rammi utan um starfið og yki bæði fag- og stéttarvitund þeirra. Námsráðgjafarnir töldu sig oft vera einangraða í starfi og þetta væri leið til að rjúfa þá einangrun.

Tillögur

- Æskilegt væri að gerðar yrðu tímamælingar á verkþáttum í starfi námsráðgjafa.
- Huga má að þjálfun námsráðgjafa í hópráðgjöf og að vinna með fólki af erlendum uppruna. Bæði í grunnmenntun þeirra sem og símenntun.
- Skoða mætti aðstöðu námsráðgjafa til hópráðgjafar innan grunnskólanna. Athuga má hvort innan skólanna sé aðstaða fyrir hendi sem námsráðgjafar hafi ekki yfirsýn yfir.
- Gera tillögur um það hvernig skráningum námsráðgjafa skal háttáð og hverjir hafi aðgang að þeim upplýsingum.
- Koma á ákveðnu verklagi í sambandi við mat og skilaskyldu í starfi.

Heimildaskrá

Scarborough, J. L. (2005) The School Counselor Activity Rating Scale: An Instrument for Gathering Process Data. *Professional School Counseling, 8 (3), 274-284.*